

1. fundur framkvæmdaráðs Almannaavarna Árnassýslu, haldinn í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi þriðjudaginn 18. desember 2018 kl 8:30.

Mætt: Ásta Stefánsdóttir formaður, Sólveig Þorvaldsdóttir varaformaður, Aldís Hafsteinsdóttir ritari, Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri, Oddur Árnason yfirlögregluþjónn, Pétur Pétursson framkvæmdastjóri, Haukur Grönli varaslökkviliðsstjóri B.A. og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Nýr starfsmaður almannaavarna

Kjartan sagði frá því að auglýst var eftir nýjum starfsmanni og bárust 10 umsóknir. Sex voru boðaðir í viðtal og gengið var frá ráðningu við Björn Inga Jónsson, fyrrverandi sveitarstjóra á Hornafirði. Hann hefur störf eftir áramót. Víðir Reynisson, fráfarandi starfsmaður, mun koma honum inn í starfið. Skrifstofa Björns Inga verður á lögreglustöðinni á Hvolsvelli. Sólveig spurði út í hvernig ráðningu starfsmanns var háttað varðandi aðkomu sveitarfélaga í Árnassýslu. Aldís gerði grein fyrir því að ákvarðanir varðandi fjármagn í slíka ráðningu væru teknar á vettvangi Héraðsnefndar Árneseinga. Fram kom, að þar sem lögreglustjóri hafi alfarið borið þann kostnað sem til féll vegna starfsmanns almannaavarna á árinu 2018, væri það fjármagn sem sveitarfélögin höfðu greitt til almannaavarna 2018 enn til í sjóði. Það fjármagn yrði nýtt til að greiða kostnað vegna starfsmanns almannaavarna á árinu 2019. Umræður um störf starfsmannsins. Fundarmenn fagna ráðningu Björns Inga og bjóða hann velkominn til starfa.

2. Stefnumótunarvinna

Kjartan leggur til að verði farið í stefnumótunarvinnu til að átta sig á hvað þarf að gera næstu misseri í almannaavarnalegu tilliti. Kjartan mun skipuleggja fundi með sérfræðingum Veðurstofunnar og sveitarstjórnarmönnum um náttúruvá á svæðinu.

3. Staða mála í almannaavörnum hjá Árnassýslu

Sólveig óskar eftir að fá upplýsingar um hvað hefur verið gert í áætlunum o.þ.h. Hún mun fara yfir þau mál með Pétri og/eða Oddi á næstunni.

4. Samstarf við orkufyrirtæki

Pétur sagði frá stórri æfingu með orkufyrirtækjum sem verður í upphafi nýs árs. Ekki er óskað eftir þátttöku frá sveitarfélögum.

5. Stjórnstöð almannaavarna

Pétur sagði frá uppbyggingu á stjórnstöð almannaavarna í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

6. LVN áætlanir

Sólveig spurði um eignarhald á LVN áætlum, hvort það væri hjá sveitarfélögum eða lögreglustjóra. Lögreglustjóri svaraði að það væri hjá sveitarfélögum og þeirra að móta og þróa áætlanirnar eftir aðstæðum í eigin byggðum, en óskaði eftir því að fá sent eintak af öllum uppfærslum og breytingum til að hafa hjá embættinu.

Fundi slitið kl. 9:40